



Náms- og starfsráðgjöf Menntaskólans í Reykjavík

Nám á Íslandi

Íslenskir háskólar

Háskólinn á Akureyri

<http://www.unak.is/>

Háskólinn á Akureyri býður upp á nám í sex deildum. Heilbrigðisdeild (menntar hjúkrunarfræðinga og iðupjálfa), kennaradeild (menntar grunnskóla- og leikskólakennara), viðskiptafræðideild (menntar nemendur í fjármálum, markaðsfræðum og stjórnun), auðlindafræðideild (menntar nemendur í sjávarútvegsfræðum, líftækni og á sviði umhverfis og orku) og tölvunarfræðideild (menntar nemendur í tölvunarfræðum). Félagsvísinda- og lögfræðideild (menntar nemendur í sálfræði, fjölmiðlafræði, nútímafræði og lögfræði)

Samhliða hefðbundnu námi er boðið upp á fjarnám með gagnvirkum sjónvarpsútsendingum og í vefumhverfi. Við Háskólann starfar ein rannsóknarstofnun sem er þverfagleg, þ.e. sinnir rannsóknum á sviðum allra deilda skólans. Háskólinn hefur náið samstarf um kennslu og rannsóknir við rannsóknarstofnanir atvinnuveganna, þ.e. Hafrannsóknarstofnun, Iðntæknistofnun, Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins.

Háskóli Íslands

<http://www.hi.is>

Er vísindaleg rannsóknarstofnun og fræðslustofnun sem veitir nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu. Hver sá, sem hefur staðist fullnaðarpróf úr íslenskum skóla, sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, á rétt á að verða skrásettur háskólaborgari gegn því að greiða skrásetningargjald.

Í skólanum er: guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, viðskipta- og hagfræðideild, hugvísindadeild, verkfræðideild, raunvísindadeild, tannlæknadeild, félagsvísindadeild, hjúkrunarfræðideild og lyfjafræðideild.

Nám að loknum MR

Kennaraháskóli Íslands

http://www.hi.is/menntavisindasvid/forsida_menntavisindasvids

Er miðstöð kennara- og uppeldismenntunar á Íslandi. Kennaraháskólinn er vísindaleg fræðslu- og rannsóknarstofnun er veitir nemendum menntun til þess að sinna störfum á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis og umönnunar og til þess að sinna sjálfstætt fræðilegum rannsóknum á því sviði. Með lögum er samþykkt voru á Alþingi í desember 1997 voru Fóstruskóli Íslands, Íþróttakennaraskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands og Proskapþjálfaskóli Íslands sameinaðir. Þessir skólar starfa nú undir einu starfsheiti, Kennaraháskóli Íslands. Við skólann er í boði nám á grunnskólabraut, leikskólabraut, íþróttabraut, þroskaþjálfabraut og tómstundabraut.

Viðskiptaháskólinn (Samvinnuháskólinn) á Bifröst

<http://www.bifrost.is/>

Viðskiptaháskólinn á Bifröst er alhliða viðskiptaháskóli. Hlutverk hans er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Hann býður nemendum fræðslu, þekkingu og þjálfun í rekstrar- og viðskiptafræðum. Við skólann er viðskiptadeild, lögfræðideild, félagsvísinda- og hagfræðideild, fjarnáms- og símenntunardeild og háskólagátt.

Háskólinn í Reykjavík

<http://www.ru.is/>

Árið 2005 sameinuðust Háskólinn í Reykjavík og Tækniháskólinn undir einu nafni Háskólans í Reykjavík (HR). Á heimasíðu hans segir að hann sé háskóli atvinnulífsins. Hlutverk hans sé að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og styrkja íslenskt samfélag með nýsköpun, tækniþróun, samstarf og alþjóðasamskipti að leiðarljósi. Skólinn býður upp á nám í fjórum akademískum deildum, þ.e. tækni- og verkfræðideild, tölvunarfræðideild, viðskiptadeild og lagadeild. Í tækni- og verkfræðideild HR er boðið upp á fjölmargar námsbrautir í tölvunarfræði, tæknifræði, iðnfræði og verkfræði, m.a. í heilbrigðisverkfræði, iðnaðarverkfræði, rekstrarverkfræði og fjármála- verkfræði. Auk þess er boðið upp á nám á frumgreinasviði. Einnig býður skólinn upp á grunn- og meistaranám í íþróttufræði og sálfræði. Laga- og viðskiptadeild býður upp á bæði grunnnám og meistaranám.

Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri

<http://lbhi.is/>

Landbúnaðarháskólinn býður upp á nám til BS. prófs á fjórum námsbrautum: búvísindum, náttúru og umhverfisfræði, hestfræði, skógræði/ landgræðslu og umhverfisskipulagi (fornám að landslagsarkitektúr). Einnig er boðið upp á mastersnám og doktorsnám. Að loknu námi eiga nemendur að geta tekið að sér sérfræðistörf fyrir íslenskan landbúnað og unnið að rannsóknum í hans þágu.

Einnig er við skólann starfsmenntabraut þar sem í boði eru fimm námsleiðir á framhaldsskólastigi: Blómaskreytingar, búfræði, garðyrkjuframleiðsla, skógur/umhverfi og skrudgarðyrkja.

Aðalaðsetur Landbúnaðarháskólans er á Hvanneyri í Borgarfirðien skólinn er einnig með starfsemi á eftirtöldum stöðum: Keldnaholti í Reykjavík, Reykjum í Ölfusi, Möðruvöllum í Hörgárdal, Hesti í Borgarfirði og Stóra - Ármóti í Árnessýslu. Einnig er skólinn þátttakandi í Efnagreiningum á Keldnaholti og Matvælarannsóknum Keldnaholti

Háskólinn á Hólum

<http://www.holar.is>

Hólaskóli er mennta- og rannsóknastofnun sem býður nemendum hagnýtt nám á sviði hrossaræktar, hestamennsku, fiskeldis, fiskalíffræði og ferðaþjónustu með áherslu á menningu og náttúru. Við skólann eru þrjár deildir: ferðamáladeild (býður upp á háskólanám í ferðamálafræði með áherslu á náttúru og menningu, annarsvegar diplománám (1 ár) og hinsvegar til B.A. gráðu (3 ár)., fiskeldi-og fiskilíffræðideild (BS. gráða) og hrossarækt og reiðmennskudeild (Á hrossabraut er boðið upp á allt að þriggja ára nám: 1.ár: hestafræðingur og leiðbeinandi, 2.ár: tamningamaður 3. ár: þjálfari og reiðkennari.)

Listaháskóli Íslands

<http://www.lhi.is/>

Hlutverk Listaháskóla Íslands er að sinna æðri menntun á sviði listgreina, vinna að eflingu listmennta með þjóðinni og miðla fræðslu um listir og menningu til almennings. Nám við Listaháskóla Íslands er skipulagt sem þriggja til fjögurra ára 90 til 120 eininga nám og að loknum tilskildum prófum, lokaritgerð og lokaverkefni hlýtur nemandi B.A. eða B.F.A. gráðu. Jafnframt fer fram listkennsla í kennslufræði til kennsluréttinda, 30 eininga nám í samstarfi við Kennaraháskóla Íslands. Skólinn býður upp á nám í fimm deildum, myndlistardeild, hönnunar- og arkitektúrdeild,

sviðslistardeild, listkennsludeild og tónlistardeild. Innan deildanna fimm eru átján námsbrautir, þar af þrettán af bakklárstigi og fimm á meistarastigi.

Undirbúningsskólar

Hraðlestrarskólinn

<http://m.hradlestrarskolinn.is/>

Bænda- og garðyrkjuskólar

Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri

<http://lbhi.is/>

Starfsmenntabraut þar sem í boði eru fimm námsleiðir á framhaldsskólastigi: Blómaskreytingar, búfræði, garðyrkjuframleiðsla, skógur/umhverfi og skróðgarðyrkja.

Flugskólar

Keilir Flugakademía <http://flugskolinn.is>

Flugskóli Íslands <http://flugskoli.is>

Geirfugl <http://geirfugl.is>

Flugskóli Akureyrar <http://flugnam.is>

Ferðapjónusta-hússtjórnar-og hótelskólar

Menntaskólinn í Kópavogi

<http://www.mk.is>

Ferðamálaskólinn-Leiðsögumannaskólinn

Í Menntaskólanum í Kópavogi eru starfræktir tveir skólar sem sjá um að mennta fólk til starfa í þessari atvinnugrein: Ferðamálaskólinn og Leiðsöguskólinn.

Ferðamálaskólinn hefur starfað síðan 1987 búið nemendur undir alhliða störf í ferðapjónustu. Boðið upp á hagnýtt nám í mismunandi greinum tengdum ferðapjónustu. Tvær námslínur eru í boði, starfstengt ferðafræðanám og flugþjónustubraut. Inntökuskilyrði í starfstengt

Nám að loknum MR

ferðafræðinám er stúdentspróf eða sambærileg menntun og starfsreynsla, 20 ára aldurstakmark og góð íslensku-og enskukunnátta. Inntökuskilyrði í flugfreyju- og flugþjónanám er stúdentspróf eða a.m.k. tveggja ára nám á málabraut framhaldsskóla, sveinspróf í framreiðslu eða annað sambærilegt nám og 21 árs aldurstakmark. Einnig er krafist góðrar tungumálakunnáttu og er miðað við 12 einingar í framhaldsskóla eða að viðkomandi hafi verið búsettur erlendis.

Leiðsögumannaskólinn býður upp á leiðsögumannanám og er markmið þess að búa nemendur undir það að fylgja ferðamönnum um landið. Námið er alls 37 einingar og skiptist í þrjá hluta; kjarna, kjörsvið og val.

Ferðamálaskóli Íslands

<http://menntun.is>

Ferðamálaskóli Íslands hóf starfsemi 1991 og var fyrsti skóli hér á landi til að hefja alþjóðlegt nám í ferðamálum IATA/UFTAA. Boðið er uppá tvenns konar nám. Annars vegar svokallað "Foundation" nám þar sem megin áhersla er lögð á ferðalandafræði, farseðlaútgáfu og Amadeus farþáðunarkerfi flugfélaga og ferðaskrifstofa. Skólinn er í mjög góðu samstarfi við flugfélög og ferðaskrifstofur enda er stór hluti starfsfólks þeirra útskrifaður úr þessum skóla. Jafnframt er boðið uppá "IATA/UFTAA Marketing Course" þar sem áhersla er lögð á sölu og markaðsmál í ferðþjónustu, og höfðar það nám til allra þeirra sem vilja kynnast því hvernig standa skal að sölu og markaðsmálum í ferðþjónustunni.

Leiðsögunám hófst fyrir nokkrum árum síðan og veitir ekki af að fá dugmikið fólk til starfa í þeirri grein þar sem fjöldi erlendra ferðamanna fer sívaxandi.

Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað

<http://www.hushall.is>

701 Egilsstaðir, s: 471-1761

Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

<http://husstjornarskolin.is>

Sólvallagötu 12, s: 551-1578

Menntaskólinn í Kópavogi: Hótel- og matvælaskólinn

Býður upp á eftirfarandi nám: kjötið, bakaranám, framreiðsla, matartækni-braut, matarfræðingur, leiðsögumannaskóli, ferðamálanám, ferðamálaskóli.

Heilsugæslugreinar

Fjölbrautaskólinn Ármúla

<http://www.fa.is/>

Rauði krossinn

Sjúkraflutningar, skyndihjálp.

<http://www.redcross.is/>

Iðnskólar, iðngreinar og tæknibrautir

Borgarholtsskóli

<http://www.bhs.is/>

Málgreinar og bíliðngreinar, starfsmenntabraut, listnámsbraut (margmiðlunarhönnun), verslunarbraut, upplýsinga- og fjölmiðlabraut.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

<http://www.fb.is/>

Snyrtifræði, rafið, tréið, tæknibraut.

Fjölbrautaskóli Suðurlands

<http://www.fsu.is/>.

Söðlasníði, tæknibraut, hársnyrtideild, málmið, tréið, rafið

Fjölbrautaskóli Vesturlands

<http://www.fva.is/>

Málmur, tré, rafiðn og tæknibraut.

Iðnskólinn í Hafnarfirði

Hársnyrtideild, hönnunarbraut, málmtæknibraut, rafmagnsdeild, tré- og byggingadeild, tækniteiknun, útstillingar.

Iðnskólinn í Reykjavík

<http://www.ir.is>

Hlutverk Iðnskólans er að mennta nemendur í löggiltum iðngreinum og skyldum greinum. Auk iðnnáms eru fleiri námsbrautir í boði, má þar nefna tækniteiknun, tölvufræði, tækni- og hönnunarbrautir. Ennfremur er stuðlað að eftirmenntun innan skólans í formi námskeiða og meistaranáms. Loks má geta þess að í skólanum eru starfræktar öldungadeildir í meistaranámi, rafeindavirkjun, tækniteiknun, tölvufræði, hönnun og nokkrum almennum bóknámsgreinum.

Listnám og hönnun

Kvikmyndaskóli Íslands <http://www.kvikmyndaskoli.is/>

Listdanskóli Íslands <http://www.listdans.is/>

Myndlistaskólinn á Akureyri <http://www.myndak.is/>

Myndlistaskólinn í Reykjavík www.myndlistaskolinn.is

Söngskólinn í Reykjavík <http://www.songskolinn.is/>

Tónlistarskóli Garðabæjar <http://www.tongar.is/>

Tónlistarskóli FÍH <http://www.fih.is/>

Tónlistarskólinn á Akureyri <http://www.tonak.is/>

Tónver Tónlistarskóla Kópavogs <http://tonlistarskoli.is/tonver.htm>

Tónlistarskóli Reykjavíkur

<http://tono.is/>

Skólinn er ekki fyrir byrjendur. Honum er skipt í almennt nám og sérdeildir, þ.e. kennaradeild, einleikaradeild, söngdeild og tónfræðideild.

Tölvu- og viðskiptaskólar

Nýi tölvu-og viðskiptaskólinn <http://www.ntv.is>

Tölvutækniskóli Íslands <http://www.ttsi.is>

Tölvunám.is <http://www.tolvunam.is>

Tölvuskóli Íslands <http://menntun.is>

Tölvufræðslan <http://www.heimanam.is>

Tölvu-og verkfræðiskólinn <http://tv.is>

Sjávarútvegur, fiskvinnsla og sjómannaskólar

Tækniskólinn: Skipstjóraskólinn

<http://www.tskoli.is/skolar/skipstjornarskolinn>

Skipstjórnarnámið skiptist í fimm réttindastig sem hvert um sig gefur í réttindi til starfa um borð í skipum af mismunandi stærð og gerð.

Fisktækniskólinn

<http://fiskt.is/>

Fisktækniskóli Íslands býður upp á fjölbreytt nám í sjávarútvegi á framhaldsskólastigi. Nemendur geta valið sér námsleiðir í sjómennsku, fiskvinnslu og fiskeldi.

Nám að loknum MR

Nám erlendis

Umsóknir í erlenda skóla

Umsóknarfrestur er mismunandi eftir löndum og innan hvers lands og því æskilegt að hefja könnun á námsmöguleikum allt að ári áður en sótt er um skóla. Fyrsta skrefið er að nálgast heimilisföng skóla, umsóknareyðublað sem og nánari upplýsingar um viðkomandi nám – þá er að senda inn umsóknir. Gott er að sækja um nokkra skóla til að eiga möguleika á vali en einnig til að tryggja að fá skólavist því ekki er víst að jákvætt svar fáið frá þeim skólum sem sótt er um.

Gögn sem þurfa að fylgja

Auk umsóknareyðu-blaða eru ýmis gögn sem skólar vilja fá frá umsækendum, t.d. staðfest prófskírteini, þýtt yfir á viðkomandi tungumál, Fjármálayfirlýsingu frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, meðmæli frá fyrri kennurum og jafnvel læknis- og fæðingarvottorð. Ef stúdentsprófi er ólokið er hægt að fá staðfestingu á ætluðum námslokum hjá skólanum. Sumir skólar fara fram á samræmd próf, t.d. TOEFL prófið sem er enskupróf fyrir erlenda námsmenn sem sækja um nám í bandarískum háskólum.

Inntökuskilyrði og takmarkanir

Inntökuskilyrði er oftast stúdentspróf en einnig gera sumir skólar kröfur um að nemendur hafi útskrifast af braut sem undirbýr þá undir viðkomandi framhaldsnám. Starfsreynsla sem tengist áhugasviði nemandans getur aukið líkur á inntöku í viðkomandi nám og skóla. Nemendur, sem hafa Nám að loknum MR stúdentspróf, starfsreynslu og góð meðmæli, eiga mestu möguleikana á því að komast að í góða skóla.

Skólagjöld og styrkir

Í flestum Evrópulöndum eru skólarnir ríkisreknir og aðeins krafist innritunargjalda en ekki skólagjalda. Undantekning er þó Bretland. Flestir skólar í Bandaríkjunum og Kanada krefjast skólagjalda og geta þau verið há. LÍN veitir aukalán í sumar námsgreinar en þetta þarf að athuga sérstaklega. Erlendir styrkir eru yfirleitt ekki veittir nema til framhaldsnáms eða rannsókna.

Að skrá sig í landið—hvað þarf að hafa með sér?

Utan Norðurlanda þarf að hafa vegabréf og dvalarleyfi. Sé farið til Norðurlanda þarf að hafa samnorðnað flutnings-vottorð frá Hagstofu Íslands. Til sumra landa þarf fjármála-yfirlýsingu frá LÍN.

Tungumál – námskeið

Nemendum er ráðlagt, jafnvel þótt þeir telji sig færa í viðkomandi máli, að sækja tungumálanámskeið í upphafi náms. Sjá reglur LÍN um lánveitingu fyrir slíku námi. Samræmd próf, sem krafist er þegar sótt er um til bandarískra skóla, t.d. TOEFL og GRE, er hægt að taka í

bandaríska sendiráðinu. Námsmenn geta hringt í sendiráðið til að fá nánari upplýsingar um prófin og hvenær hægt sé að taka þau.

Fjármál

Fyrsti mánuðurinn getur reynst erfiður. Því er gott að hafa eitthvað stofnfé til ráðstöfunar. Mikilvægt er að tryggja lánshæfni náms áður en haldið er utan. Einnig er nauðsynlegt að kynna sér sjúkratryggingu og læknisþjónustu í viðkomandi landi og huga vel að öllum tryggingamálum.

Húsnæðismál – félagslegar aðstæður

Víða eru stúdentagarðar á vegum skóla. Námsfólki er ráðlagt að sækja um vist á garði fyrst í stað. Ef sótt er um húsnæði á almenum markaði þarf að leita upplýsinga í viðkomandi skólum og athuga auglýsingar í hverfis- og dagblöðum. Skólarnir veita oft upplýsingar um barnaheimili eða reka þau sjálfir, æskilegt er að afla allra slíkra upplýsinga áður en haldið er utan.

Undirbúningsskólar

Alliance Francaise

Hringbraut 121, 107 Reykjavík, s: 5523870

Sendiráðin og ræðismenn erlendra ríkja geta veitt upplýsingar um nám í viðkomandi landi.

Ameríska sendiráðið, Laufásvegi 21, sími 562-9100

Breska sendiráðið, Laufásvegi 31, sími 550-5100

Danska sendiráðið, Hverfisgötu 29, sími 575-0300

Finnska sendiráðið, Túngötu 30, sími 510-0100

Franska sendiráðið, Túngötu 22, sími 551-7621 og 551-7622

Norska sendiráðið, Fjólugötu 17, sími 520-0700

Sænska sendiráðið, Lágmúla 7, sími 520-1230

Þýska sendiráðið, Laufásvegi 31, sími 530-1100

Þjónustuskrifstofur og vefslóðir

Alþjóðaskrifstofa Háskólastigsins

Alþjóðaskrifstofa Háskólastigsins er þjónusta fyrir alla sem hafa áhuga á að fara utan til náms og veitir upplýsingar um nám eftir stúdentspróf og framhaldsnám víða um heim. Á heimasíðuni er hægt að leita að upplýsingum um nám og hægt að leita eftir löndum og einnig eftir námsgreinum.

<http://www.ask.hi.is/>

Fulbrightstofnunin

Laugavegi 59, 3 hæð, 101 Reykjavík. Sími 551-0860

<http://www.fulbright.is>

Lánasjóður íslenskra námsmanna

<http://www.lin.is>

Miðstöðin.is. námsstyrkir og námskeið. Upplýsingaþjónusta

<http://www.midstodin.is>

Góðir tenglar

Leit.is. Hér er að finna upplýsingar um alla skóla á Íslandi

<http://www.leit.is/>

Þjóðarbókhlaðan

<http://www.bok.hi.is>

Leit á ensku að erlendum háskólum eftir löndum

<http://geowww.uibk.ac.at/univ/>

SÍNE

Samband íslenskra námsmanna erlendis

<http://www.sine.is>

International Education Financial Aid (IEFA):

<http://www.iefaf.org/>

http://www.internationalstudent.com/study_usa/financing/

<http://www.edupass.org/finaid/>

<http://www.students.gov/>

Occupational Outlook Handbook

<http://www.quintcareers.com/OOH.html>

<http://www.assessment.com/>

Þjónustumiðstöð fyrir náms- og starfsráðgjöf

<http://www.rhtj.hi.is>

Landsskrifstofa Leonardo á Íslandi

<http://www.rthj.hi.is>

On the move: Upplýsingar fyrir ungt fólk um nám og störf í Evrópu.

http://www.onthemove-eu.hi.is/otmii/otm_isl/start.html

Vistaskipti og nám

Upplýsingar um málaskóla, starfsnám, skiptinema- og aupairþjónustu.

<http://www.vistaxchange.is>

Rauði kross Íslands

<http://www.redcross.is>

EURES – evrópsk vinnumiðlun

<http://www.eures.dk>

Hitt Húsið

<http://www.hitthusid.is/hitthusid.nsf/pages/index.html>

Menntun á Íslandi

Með tilkomu mennt.is er aðgengi að upplýsingum um nám og námskeið auðveldað.

<http://www.mennt.is>

Idan.is

Upplýsingavefur um iðnað á Íslandi. Samtök Iðnaðarins eiga og reka þennan vefsetur. Hann er ætlaður ungu fólki sem er að kanna framtíðamöguleika.

<http://www.idan.is/>

Það er von okkar að þessar upplýsingar komi að einhverjum notum við öflun upplýsinga um framhaldsnám. Frekari upplýsinga er hægt að nálgast hjá nemendaráðgjöfum og náms- og starfsráðgjafa. Mikilvægt er að fylgjast vel með auglýsingum um kynningar í blöðum og í skólanum.

Með ósk um bjarta framtíð!

Náms- og starfsráðgjafar og nemendaráðgjafar Menntaskólans í Reykjavík.

